



*Golfklúbbur Ólafsfjarðar
Stofnaður 1968.*

Ársskýrsla 2014

Aðalfundur 29. desember 2014



Aðalfundur Golfklúbbs Ólafsfjarðar Haldinn í Tjarnarborg 29. desember 2014

Dagskrá:

1. Setning fundar.
2. Kosning fundarstjóri og fundarritari.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
5. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagðar fram tillögur um breytingu laga og reglugerða. Umræður, tillögurnar bornar undir atkvæði.
7. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun næsta starfstímabils ásamt tillögum um félagsgjöld.
8. Kosning stjórnar og varamanns í stjórn skv. 6. gr.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna skv. 6. gr.

- Fundarhlé -

10. Önnur mál.

Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Ólafsfjarðar

tímabil: 1. nóvember 2013 – 31. október 2014.

Minning:

- Guðmundur Ólafur Garðarsson, félagi í Golfklúbbi Ólafsfjarðar, lést þann 12. mars 2014.
- Þorvaldur Jónsson, félagi í Golfklúbbi Ólafsfjarðar, lést þann 28. júní 2014.

Vertíð Golfklúbbs Ólafsfjarðar hófst formlega með fyrstu umferð í miðvikudagsmótaröðinni 11. júní. Þó voru menn farnir að spila golf um miðjan maí. Veðurfar í sumar var almennt mjög gott og voru kylfingar duglegir að nýta sér það. Völlurinn var í góðu standi fyrir utan 2-3 flatir. Starfsmenn á vellinum voru Ólafur Halldórsson og Halldór I Guðmundsson og stóðu þeir sig vel.

Ferðamönnum á vellinum er ennþá að fjölga og er það vel fyrir sveitafélagið.

Völlurinn

Völlur koma vel undan vetri fyrir utan þrjár flatir sem náðu sér ekki í sumar. Mikil grassprettva var þetta sumarið og höfðu starfsmenn og aðrir, sem tóku sig til við að aðstoðuðu, í nógu að snúast.

Smíðaðir voru bekkir á völlinn og voru þeir settir niður við fyrirfram ákveðna teiga. Leitað var til klúbbmeðlima til að greiða fyrir efni í bekkina og brugðust margir vel við. Að lokum voru bekkirnir merktir með nafni gefenda. Þeir sem sáu um smíði bekkjana voru Jón Jónsson (Onni) en hann bara hitann og þungann af smíðinni, Hafsteinn Sæmundsson, Björn Kjartansson og Sigmundur Agnarsson. Er þeim færðar þakkir fyrir.

Framkvæmdir

Framkvæmdir á vellinum gengu vel í sumar. Allri grófri vélavinnu er lokið og verður næsta sumar notað í fínmótun og sáningu. Árni Helgason ehf og Grastec ehf sáu um framkvæmdirnar auk þess sem framkvæmdanefnd GÓ var vel virk og fylgdi hverju verki eftir. Þrjár nýjar brautir eru að verða að veruleikar og verða þetta áhugaverðar og skemmtilegar holur að leika. Má þar nefna eina þar 3 holu sem verður þarna örugglega eftirminnilegasta (signature) hola vallarins í framtíðinni. Áætlað er að þessar brautir verði klárar sumarið 2016.

Þörf er á því að stækka bílaplan við golfskálann, laga og bæta heimreiðina. Einnig þarf nauðsynlega að byggja nýja vélaskemmu.

Vélar klúbbsins

Í vor neyddist klúbburinn til að kaupa flatarsláttuvél sökum þess að gamla vélin var nánast ónýtt. Vélin sem keypt var er Toro 3250-D, vel með farin og lítið notuð. Hún var áðurfyrr í eigu Golfklúbbs Bakkakots. Kaupin voru að mestu fjármöggnuð með lánsféi. Við vorum í miklum vandræðum með brautarsláttuvélina. Hún stoppaði í júní og hefur ekki enn tekist að koma henni í gagnið aftur. Jötunn Vélar áttu samskonar vél og lánuðu þeir klúbbnum þá vél og fá þeir þakkir fyrir það. Ekki er hægt að treysta á að sú vél verði ennþá hjá okkur næsta sumar. Klúbburinn hefur ítrekað við bæjarfélagið að endurnýjunar sé þörf á brautarvél og kargavél en ekki er vitað hvort verði við þeirri beiðni.

Félagsstarf

Fjöldi félagsmanna er 114 og er það örlítill fjölgun frá árinu 2013 eða um 1,7%. Aðalfélagar eru 107 og aukafélagar eru 7. Aðalfélagar skiptast þannig að fjöldi 19 ára og eldri er 86, þar af 2 heiðursfélagar, en 18 ára og yngri er 22. Kynjaskiptingin er þannig að hlutfall kvenna hefur vaxið um 2% í klúbbnum og eru þær 28% en karlar 72%. Meðalaldur félagsmanna er 42 ára.

Í sumar var boðið upp á golfæfingar fyrir börn og ungmenni. Æfingar voru 3 sinnum í viku og stunduðu rúmlega 20 krakkar þær æfingar. Einnig var boðið upp á byrjandanámskeið fyrir fullorðna og voru þau námskeið vel sótt. Leiðbeinandi á þessum æfingum var Sigurbjörn Þorgeirsson og honum til halds og trausts voru Þorgeir Örn Sigurbjörnsson og Guðrún Fema Sigurbjörnsdóttir.

Fjárfest var í áhöldum og kennslugögnum, svokallað Snag golf. Hægt er að nota þau áhöld innan- og utandyra, til byrjandakennslu og fyrir lengra komna. Einnig er stefnt á það að íþróttakennarar Fjallabyggðar geti notað áhöldin í íþróttatímum barna og ungmenna.

Konukvöldin vinsælu voru á mánudögum, karlakvöldin á þriðjudögum, Arionbankamótaröðin á miðvikudögum. Klúbburinn hélt að auki nokkur opin golfmót. Heldri mennirnir okkar héldu síðan áfram að hittust flesta morgna og léku golf. Góð þátttaka var í þessum skipulögðu atburðum sumarsins.

Forgjöf

Aðalfélagar GÓ, 107 talsins, skiptast niður eftir forgjafarflokkum

• 1. flokkur	(fgj. 4,4 og lægri)	8	7,5%
• 2. flokkur	(fgj. 4,5 - 11,4)	8	7,5%
• 3. flokkur	(fgj. 11,5 - 18,4)	13	12%
• 4. flokkur	(fgj. 18,5 - 26,4)	23	21,5%
• 5. flokkur	(fgj. 26,5 og hærra)	55	51,5%

Mót sumarsins

- **Meistaramót GÓ**, fjöldi þátttakenda 18, Klúbbmeistari karla Sigurbjörn Þorgeirsson, 54 holar á 220 höggum og kvenna Björg Traustadóttir, lék 36 holar á 168 höggum.
- **Miðvikudagsmótaröðin, stigamót styrkt af Arionbanka**. Leiknar voru 10 umferðir og fjöldi þátttakenda í einstaka mótum 35. Stigameistari í höggleið án forgjafar var Fylkir Þór Guðmundsson með 68 stig, í punktkeppni (forgjafarfl. 26,4 og lægri) Þorgeir Örn Sigurbjörnsson með 57 stig og í punktkeppni (forgj. 26,5 og hærri) Guðrún Fema Sigurbjörnsdóttir með 68 stig.
- **Kvennamót GÓ**, fjöldi þátttakenda 27. Punktkeppni með forgjöf í tveimur flokkum. Í forgjafarflokki 0-28 sigraði Líney Rut Halldórsdóttir GR með 35 punktum og í forgjafarflokki 28,1-40 sigraði Marsibil Sigurðardóttir GHD með 37 punktum.
- **Jónsmessumót**, fjöldi þátttakenda 13 og leiknar 13 holar. Opinn flokkur, punktkeppni með forgjöf. Þorgeir Örn Sigurbjörnsson, GÓ, sigraði með 24 punkta.
- **Opna Rammamótið**, fjöldi þátttakenda 14, punktkeppni með forgjöf í karla og kvennaflokki. Björn Kjartansson, GÓ, sigraði í karlaflokki með 36 punkta og Dagný Finnsdóttir, GÓ, í kvennaflokki með 35 punkta.
- **Opna Kristbjargarmótið**, fjöldi þátttakenda 18, punktkeppni með forgjöf í karla- og kvennaflokki. Ívan Darri Jónsson, GÓ, sigraði í karlaflokki með 36 punkta og Dagný Finnsdóttir, GÓ, í kvennaflokki með 36 punkta.
- **Míningamót GÓ**, fjöldi þátttakenda 41, punktkeppni með forgjöf í karla- og kvennaflokki. Í karlaflokki sigraði Ívan Darri Jónsson, GÓ, með 35 punkta en í kvennaflokki sigraði Dagný Finnsdóttir, GÓ, með 39 punkta.
- **Karlamót GÓ**, fjöldi þátttakenda 15, punktkeppni með forgjöf í tveimur flokkum. Í forgjafarflokki 0-24 sigraði Fylkir Þór Guðmundsson GÓ með 34 punkta og í forgjafarflokki 24,1-36 sigraði Björn Kjartansson GÓ með 28 punkta.
- **Saltkjöt- og baunamótið**, 9 holu mót, fjöldi þátttakenda 18, punktkeppni með forgjöf í opnum flokki. Mótið var til styrktar www.tindaoxl.com. Rósa Jónsdóttir, GÓ, sigraði með 22 punkta.

Þá voru haldin ýmis önnur mót með hinum ýmsu leikfyrirkomulögum svo sem texas scramble, greensome og þess háttar mót. Þau mót voru vel sótt af félagsmönnum.

Þátttaka í mótum

Norðurlandsmótaröð barna og ungmenna hefur verið leikin árlega frá árinu 2009 en þetta er samstarfsverkefni golfklúbbanna á Norðurlandi. Þriðja mót sumarsins var haldið á Ólafsfirði og var fjöldi þátttakenda 46.

Auk þessa stóra unglíngamóts voru einnig önnur innanfélagsmót haldin fyrir þau.

Karlasveit GÓ lék í 2. deild Sveitakeppni GSÍ sem haldin var á Klöjbergi. Sveitin stóð sig frábærlega og endaði í 2. Sæti, eftir nauman ósigur geng Mosfellsbæ í úrslitaleiknum. GÓ leikur því í efstu deild að ári.

Sveitakeppni GSÍ, 2. deild kvenna, var haldin á Sauðárkróki í ár. 8 sveitir tóku þátt. Sveit GÓ endaði í 5. Sæti.

GÓ sendi sameiginlega drengjasveit, með GH, GHD og GSS, á Íslandsmót sveitakeppni drengja 15 ára og yngri. Þeir stóðu sig með mikilli þrýði og enduðu í 3. Sæti.

Árleg bæjarkeppni við Dalvíkinga fór fram í byrjun september á golfvöllinum í Svarfaðardal. Skem mst er frá því að segja að liðsmenn GÓ fóru hamförum á völlum og „rústu“ nágrönnum sínum með miklum mun.

Vertíðinni lauk síðan með Bændaglímu, 20 þátttakendur, þar sem lið Jóns Jónssonar mætti liði Guðbjörns Jakobssonar.

Lokaorð

Undanfarin ár hafa lokaorð skýrslu stjórnar verið uppbyggileg og þar talað um að framtíðin sé björt hjá Golfklúbbnum. En nú kveður annan tón við. Bæjarráðsmenn ákváðu 2011 að Skeggjabrekkuvöllur yrði aðal golfvöllur sveitafélagsins. Til að reka þokkalega góðan 9 holu golfvöll þá þarf rekstrarstyrk upp á 4 til 4,5 milljónir. Rekstrarstyrkur til völlum er hins vegar 1,6 milljónir. Það sér hver heilvita maður að þetta verður að laga. Sem dæmi fær golfvöllurinn á Dalvík um 4 milljónir í rekstrarstyrk.

Ekki geta bæjaryfirvöld skýlt sér á bak við fjölda iðkenda á völlum. Samkvæmt skýrslu Golfsambands Íslands þá er Golfklúbbur Ólafsfjarðar þriðji stærsti klúbburinn á Norðurlandi. Akureyri er með 649, Sauðárkrókur er með 153 og svo kemur GÓ með 107 félagsmenn.

Við gerum þá kröfu til sveitafélagsins að leiðrétta þennan rekstrarstyrk áður en allt fer í óefni.

Félagsmenn fá sérstakar þakkir fyrir ánægjulega samveru á árinu. Styrktaraðilar fá þakkir fyrir stuðninginn og að lokum allir nefndarmenn fyrir gott samstarf á árinu.

Fh. stjórnar GÓ, Rósa Jónsdóttir, formaður

Stjórn Golfklúbbs Ólafsfjarðar 2014

Rósa Jónsdóttir, formaður
Sígurbjörn Þorgeirsson, varaformaður
Ármann Viðar Sigurðsson, gjaldkeri
Björg Traustadóttir, ritari
Sigmundur Agnarsson, meðstjórnandi
Dagný Finnsdóttir, varastjórn



Ársreikningur

2014

Golfklúbbur Ólafsfjarðar

Ólafsfirði

Ársreikningur 2014

Efnisyfirlit

Áritun	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Skýringar	5-6

Áritun

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Golfklúbb Ólafsfjarðar fyrir árið 2014 eftir bókhaldi félagsins.

Ársreikningurinn sem er á bls 1-6 hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1- 9.

Golfskáli er ekki færður til eignar í bókhaldi, en hann er metinn á kr. 4.930.000,- í fasteignamati.

Véla og verkfærageymsla er metin á kr. 520.000,- í fasteignamati.

Hagnaður var kr. 2.052.831,- að meðtöldum framkvæmdastyrk frá Fjallabyggð kr. 3.000.000,- þannig að eiginleg rekstrarafkoma var neikvæð um kr. 947.169,-

Ólafsfirði, 20. nóvember 2014

Þorsteinn Asgeirsson



Við kjörnir endurskoðendur Golfklúbbs Ólafsfjarðar höfum skoðað reikninga og fylgiskjöl og ekkert fundið athugasemdir og teljum því reikningana rétta.

Ólafsfirði, 16/12

Björn Kjaarsæsson

Jan Jónsson

Áritun Stjórnar

Stjórn Golfklúbbs Ólafsfjarðar samþykkir hér með ársreikning GÓ fyrir árið 2014.

Rósa Jónsdóttir

Arnem V. Sig.

Sigmundur Björnsson

Sigurð. Þorgeirs

Björg Traustad

Dagný Tímardóttir

Rekstrarreikningur 2014

	Skýringar	2014	2013
Tekjur			
Rekstrartekjur	1	3.772.490	3.973.272
Aðrar tekjur og styrkir	2	6.556.033	6.237.515
		10.328.523	10.210.787
 Rekstrargjöld			
Vörunotkun	3	368.782	513.647
Rekstur golfskála	4	288.130	306.783
Rekstur véla og tækja	5	1.203.002	911.132
Rekstur golfvallar	6	3.369.470	2.108.358
Ýmis rekstrarkostnaður	7	2.389.291	1.702.125
Afskriftir véla og tækja.....		638.684	359.881
		8.257.359	5.901.926
 Rekstrarhagnaður(tap)		2.071.164	4.308.861
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		208.736	45.269
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(227.069)	(94.922)
		(18.333)	(49.653)
 Sölutap vélar.....			
 Hagnaður (tap) ársins		2.052.831	4.259.208

Efnahagsreikningur 31. október 2014

Eignir	Skýringar	2014	2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Geymsluskúr+ gámur		158.962	164.170
Áhöld og tæki skv. fyrmingaskrá.....		5.765.136	3.198.612
Framkvæmdir við golfvöll		3.719.118	1.302.511
		<u>9.643.216</u>	<u>4.665.293</u>
Framlag til félagshúss ÚÍÓ (hlutafé)		0	0
Veltufjármunir			
Sparisj. Ólafsfj. hlr. 115 / 1255 / 6250.....		21.049	1.257.359
Sparisj. Ólafsfj. Reikn. 402207 framkvæmdir.....		4.383.319	4.725.121
Sparisj. Ólafsfj. Reikn. 402205 unglínganefnd.....		141.970	170.554
Viðskiptakröfur -útistandandi		6.448.931	3.459.472
Vörubirgðir		157.250	321.820
		<u>11.152.519</u>	<u>9.934.326</u>
Eignir samtals		<u>20.795.735</u>	<u>14.599.619</u>

Skuldir og eigið fé	Skýringar	2014	2013
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	9	16.506.226	14.453.395
Eigið fé samtals		<u>16.506.226</u>	<u>14.453.395</u>
Langtímaskuldir			
Arionbanki hf.....		1.728.038	0
		<u>1.728.038</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir			
Yfirráttur á hlaupareikn 115.....		412.414	0
Ýmsar skuldir.....		2.109.838	144.953
Fjallabyggð v/ húsatrygginga		0	16.003
Virðisaukaskattur.....		39.219	(14.732)
		<u>2.561.471</u>	<u>146.224</u>
Skuldir samtals		<u>4.289.509</u>	<u>146.224</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>20.795.735</u>	<u>14.599.619</u>

Skýringar

	2014	2013
1. Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld.....	2.017.988	2.061.755
Kapleikjatekjur.....	748.539	659.988
Veitingasala vsk-skylt.....	202.499	218.695
Golfvörusala vsk-skylt.....	180.934	362.756
Vallargjöld.....	509.025	537.394
Golfskápaleiga.....	29.750	36.000
Fjáröflun.....	83.755	96.684
	<u>3.772.490</u>	<u>3.973.272</u>
2. Aðrar tekjur og styrkir:		
Ú Í F	355.585	369.801
Lottó	214.136	196.806
Getraunir	56.700	12.658
Bæjarsjóður Fjallabyggðar	1.600.000	1.500.000
Íþrótt og Olympíusamband Íslands.....	25.110	0
Aðrir styrkir.....	1.304.502	1.158.250
Fjallabyggð framkvæmdastyrkur.....	3.000.000	3.000.000
	<u>6.556.033</u>	<u>6.237.515</u>
3. Vörunotkun:		
Birgðir 01.11.....	321.820	196.390
Keyptar veitingavörur.....	167.472	239.096
Keyptar golfvörur.....	36.740	399.981
Birgðir 31.10.....	(157.250)	(321.820)
	<u>368.782</u>	<u>513.647</u>
4. Rekstur golfskála:		
Fasteignagjöld.....	29.312	27.866
Rafmagn.....	72.466	72.447
Hitaveita.....	116.009	93.676
Viðhald	3.719	11.773
Tryggingar.....	61.105	59.754
Annar kostnaður.....	5.519	41.267
	<u>288.130</u>	<u>306.783</u>
5. Rekstur véla og tækja:		
Bensín og olíur	290.828	194.313
Viðhald	834.790	667.791
Tryggingar og bifrgjöld	77.384	49.028
	<u>1.203.002</u>	<u>911.132</u>

Skýringar

	2014	2013
6. Rekstur golfvallar:		
Áburður og fræ.	211.486	170.449
Áhöld og verkfæri	313.989	153.813
Tryggingar	48.926	47.209
Efni v/ viðhalds og aðkeypt vinna	80.015	408.742
Laun og launat.gjöld	2.715.054	1.328.145
	<u>3.369.470</u>	<u>2.108.358</u>
7. Annar kostnaður:		
Verðlaunagripir.....	757.415	642.514
Ritföng, prentun og pappír.....	12.915	39.548
Sími.....	77.813	62.933
Bókhaldskostnaður.....	71.463	118.999
Auglýsingar.....	29.980	855
Golfsamband Íslands.....	382.700	331.100
Golfkennsla og ungl.starf.....	716.816	254.618
Kostn. v/ sveitakeppni.....	165.000	130.000
Flutningsgjöld.....	100.249	59.577
Ferðakostnaður.....	61.810	47.105
Ýmis kostnaður.....	13.130	14.876
	<u>2.389.291</u>	<u>1.702.125</u>
9. Óráðstafað eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé 01.11.	14.453.395	11.360.431
Hlutfé í Aladín ehf. afskrifað.....	0	(1.166.244)
Hagnaður (tap) ársins.....	2.052.831	4.259.208
	<u>16.506.226</u>	<u>14.453.395</u>